

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Fljótsdalshéraðs og Reyðarfjarðar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Fljótsdalshéraðs og Reyðarfjarðar, en það nær yfir Jökuldalshrepp, Jökulsárhlíðarhrepp, Fljótsdalshrepp, Fellahrepp, Hróarstunguhrepp og Hjaltastaðahrepp, allra í Norður-Múlasýslu, og Eiðahrepp, Egilsstaðahrepp, Vallahrepp, Skriðdalshrepp og Reyðarfjarðarhrepp, allra í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 50, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita um-sagnar Vörubílstjórafélags Fljótsdalshéraðs og Reyðarfjarðar, sýslunefnda Múla-sýslna, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Fljótsdalshéraðs og Reyðarfjarðar viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vöru-bifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstölna 50.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framan-greindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftir-breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.